

# Staðfesting á skráningu fyrir niðurrifi mannvirkja

Heimilisfang  
Langholtsvegur 118a, 104 Reykjavík

Rekstraraðili  
Viðmið ehf  
4707050860

ber að fylgja starfsskilyrðum sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan  
atvinnurekstur sbr. 8. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

**Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur**

hefur eftirlit með starfseminni



Númer umsóknar 386731



NWQCD20N1BYG

# Starfsskilyrði fyrir niðurrif mannvirkja, m.a. þar sem er asbest

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

## 1. MENGUNARVARNIR OG BÚNAÐUR

|  | Rgl.nr.                       |
|--|-------------------------------|
| 1.1 Öll steinefni, steypu, múrbrot o.fl. skal úða með vatni við niðurbrot til að koma í veg fyrir rykmyndun. Enn fremur skal lágmarka rykmyndun á framkvæmdasvæði öllu svo og við brottflutning niðurbrotsefna eftir því sem við á, m.a. með skolun hjólbarða flutningabifreiða í hvert sinn sem framkvæmdasvæði er yfirgefið. | 787/1999<br>5. gr.            |
| 1.2 Ef í ljós kemur við niðurrif mannvirkis að jarðvegur er mengaður skal tafarlaust hafa samband við heilbrigðisnefnd.  | 1400/2020                     |
| 1.3 Áður en niðurrif hefst á að tryggja að búið sé að aftengja rafmagn og vatn, nema það sem þarf til niðurrifs. Skólþ- og frárennslisrör skulu vera frágengin á fullnægjandi hátt.  |                               |
| 1.4 Starfseminni skal hagað þannig að hún valdi hvorki nágrönnum né fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna fjúkandi úrgangs, lyktar, ryks, hávaða eða annars ónæðis.  | 830/2022,<br>sbr.<br>550/2018 |
| 1.5 Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.  |                               |
| 1.6 Ábyrgðarmaður/forráðamaður fyrirtækisins sem með skráningu þessari hefur verið heimilað niðurrif nánar tilgreindra mannvirkja ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við skilyrði þessi og önnur ákvæði sem eiga við skv. lögum, reglugerðum og leiðbeiningum.   |                               |

|     |  |                  |
|-----|--|------------------|
| 1.7 | Girða skal af niðurrifssvæði sem liggur að götu, göngustíg eða öðrum svæðum þar sem hætta getur skapast fyrir vegfarendur.   | 430/2007         |
| 1.8 | Rekstraraðili skal með sannanlegum hætti tilkynna íbúum og öðrum þeim sem hafast við á nærliggjandi svæðum um fyrirhugaða framkvæmd áður en hún hefst. Fram skal koma tímalengd framkvæmdar, hvaða þættir hennar séu líklegir til að valda ónæði og hvenær unnið verði að þeim þáttum.   | 724/2008.        |
| 1.9 | Ef flokkun og forvinnsla niðurrifsefna á sér stað á því svæði sem verið er að rífa niður byggingar skal huga sérstaklega að því að sú starfsemi valdi ekki ónæði. Sérstaklega hávaðasöm starfsemi, svo sem höggborun, kvörnun efnis o.þ.h. má ekki fara fram í og við íbúðasvæði nema á virkum dögum milli kl. 07:00 og kl. 19:00. | 724/2008, 9. gr. |

## 2. MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

|     |  |                              |
|-----|--|------------------------------|
| 2.1 | Úrgangsefni skal endurnýta eins og kostur er að undangenginni flokkun þeirra. Úrgangsefnum sem ekki eru endurnýtt skal farga á öruggan hátt á stað sem hefur til þess starfsleyfi og afla kvittana fyrir móttöku og skrá á meðfylgjandi eyðublað: „Skýrsla um gerð, magn og lokaáfangastað byggingarúrgangs“. Skila skal útfylltu eyðublaði til heilbrigðisnefndar að loknu verki. | 738/2003, 737/2003           |
| 2.2 | Öllum spilliefnum s.s. asbesti, PCB, þungmálmum, kvikasilfri, olíum o.fl. skal halda aðskildum frá öðrum úrgangsefnum, s.s. múrbroti, timbri, járn, plasti o.fl.   | 806/1999, 1040/2016          |
| 2.3 | Hreinsun á menguðum jarðvegi er starfsleyfis skyld starfsemi hjá heilbrigðisnefnd. Fara skal eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg.   | 1400/2020                    |
| 2.4 | Asbetryk og úrgangur sem inniheldur asbest skal geymdur í þéttum, merktum og lokuðum ílátum og fluttur af flutningsaðila sem hefur starfsleyfi til flutnings spilliefna og ADR réttindi til flutnings hættulegs farms til förgunarstaðar sem hefur starfsleyfi til förgunar asbests.   | 430/2007, 705/2009 1077/2010 |

### 3. SÉRSTAKAR MENGUNARVARNIR ÞEGAR UM NIÐURRIF ASBESTS ER AÐ RÆÐA

|   | Rgl.nr.            |
|---|--------------------|
| 3.1 Ávallt skal kalla til aðila sem hefur samþykki Vinnueftirlitsins til að vinna við niðurrif eða viðhald á asbesti.   |                    |
| 3.2 Koma skal í veg fyrir loftmengun frá starfseminni meðan niðurrif á asbesti fer fram. Asbest skal ávallt rífa handvirkt hvort sem það fyrirfinnst við útveggi, þakplötur o.þ.h., eða í innirými t.d. veggplötum, flísum og við vatnslagnir. Koma skal í veg fyrir rykmyndun eftir ítrustu getu. Áhersla skal lögð á að bleyta með vatni byggingahluta sem innihalda asbest og snúa út á við. | 430/2007           |
| 3.3 Heilbrigðisnefnd áskilur sér heimild til að krefjast þess fyrir niðurrif asbests í innirými að svæðið skuli lokað af með þéttu efni þannig að undirþrýstingur hindri dreifingu á asbesti út fyrir niðurrifssvæðið. Aðgangur að svæðinu skal þá vera í gegnum sérstakan loftræstan gang. Afsogsloft af svæðinu skal leiða út þannig að hætta á innöndun sé hverfandi.                        | 430/2007<br>7. gr. |
| 3.4 Heilbrigðisnefnd áskilur sér rétt til að láta mæla magn asbestsvifagna í loftinu og takmarka aðgang að svæðinu ef niðurstöður mælinga gefa tilefni til.   | 430/2007           |

#### Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, reglugerð nr. 1040/2016 úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi á landi, reglugerð nr. 430/2007 um bann við notkun asbests á vinnustöðum og reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir,

# Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur

*Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5. gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022 og 8. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

*Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og ef við á sértæk starfsskilyrði. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

|     |   | Rgl.nr.             |
|-----|---|---------------------|
| 1.1 | Starfsskilyrði þessi eru almenn fyrir mengandi skráningarskyldan atvinnurekstur sbr. viðauka reglugerðar nr. 830/2022.  | 830/2022            |
| 1.2 | Staðfest skráning ásamt starfsskilyrðum skulu vera sýnileg viðskiptavinum á starfsstöð.   | 830/2022,<br>6. gr. |
| 1.3 | Rekstraraðili skráningarskylds atvinnurekstrar ber ábyrgð á því að starfsemi hans sé skráð, að skráðar upplýsingar um starfsemina séu réttar og að starfsemin sé í samræmi við gildandi löggjöf, almennar kröfur og starfsskilyrði. Óheimilt er að hefja skráningarskylda starfsemi fyrir en skráningargjald hefur verið greitt og rekstraraðili fengið senda staðfestingu á skráningu. | 830/2022            |
| 1.4 | Starfsemin gildir aðeins í því húsnæði eða aðstöðu sem tilgreint er í skráningunni. Starfsemin skal vera í samræmi við samþykktu notkun húsnæðis eða aðstöðu.   | 830/2022,<br>4. gr. |
| 1.5 | Atvinnurekstur skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Sé deiliskipulag ekki til staðar skal starfsemin samræmast gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.   | 550/2018,<br>6. gr. |
| 1.6 | Rekstraraðila ber að skrá upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á skráningarskyldri starfsemi með hæfilegum fyrirvara á vefsetrinu island.is. Óheimilt er að gera breytingar á starfsemi fyrir en rekstraraðili hefur greitt breytingargjald og fengið senda staðfestingu um breytta skráningu.  | 830/2022,<br>7. gr. |

## 2. STARFSHÆTTIR

|   | Rgl.nr.            |
|---|--------------------|
| 2.1 Rekstraraðili skal beita góðum starfsháttum við rekstur starfseminnar. Á öllu athafnasvæði rekstraraðila skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.  | 737/2003           |
| 2.2 Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum, og innra eftirliti. Tilkynna skal heilbrigðisnefnd ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.  | 830/2022           |
| 2.3 Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í starfsstöðinni. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað.   | 550/2018           |
| 2.4 Rekstraraðili skal eftir atvikum vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.  | lög nr.<br>33/2004 |
| 2.5 Rekstraraðili sem flytur olú, eiturefni eða hættuleg efni eða stundar atvinnustarfsemi sem talin er upp í a-lið viðauka I laga nr. 33/2004 skulu taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004.  | lög nr.<br>33/2004 |
| 2.6 Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða fyrir umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.  | 550/2018           |
| 2.7 Ef mengunaróhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna 112. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið. Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt óhapp eða atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir. | 550/2018           |

### 3. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

|     |  | Rgl.nr.   |
|-----|--|---|
| 3.1 | <p>Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og þar skulu ekki vera hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfseminni. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota. Bifreiðum tækjum, lausamunum, úrgangi eða öðru sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila þannig að ekki valdi mengunar-, fok-, eða slyshættu. Rekstraraðili skal sýna ýtrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Allt athafnasvæðið eða tiltekinn hluti þess skal lagt bundnu slitlagi leiði niðurstöður eftirlits í ljós að þörf sé á því til að lágmarka rykmyndun frá svæðinu eða aðra mengun.</p> <p>Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa, viðgerða eða hreinsunar vegna vanhírðu og óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki. Óviðkomandi aðgangur að vinnusvæði, geymslu hráefna og framleiðsluvöru skal vera takmarkaður og aðgangur óviðkomandi bannaður.</p> | 737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018             |
| 3.2 | Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera lokuð og standast kröfur heilbrigðisnefndar.   | 737/2003 og rgl. nr. 806/1999                           |
| 3.3 | Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að hreinsibúnaði og úrgangi. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.  | 941/2002, nr. 737/2003, lög nr. 64/1994 og nr. 55/2013. |
| 3.4 | Afla ber samþykkis heilbrigðisnefndar fyrir staðsetningu olúgeyma.   | 884/2017, 6. gr.  |

### 4. MENGUNARVARNIR

|     |  | Rgl.nr.   |
|-----|--|---|
| 4.1 | Takmarka skal hávaða frá starfseminni. Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða. Þess skal gætt að hávaði frá starfseminni valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. | 724/2008  |
| 4.2 | Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengudu lofti. Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Að jafnaði skal loftræsing leidd upp fyrir þakbrún frá mengunaruppsprettum. Komi upp vandamál vegna lyktar, mengandi efna eða hávaða frá útblæstri er  | 724/2008, rgl. nr. 550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr. |

|   |  |
|---|--|
|   |  |
| <p>heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s.s. breytinga á útrásum, hreinsunarbúnaði eða hávaðavörnum.</p>   |  |
| <p>4.3 Allt vatn skal vera í að minnsta kosti góðu ástandi og skulu vatnshlot ná umhverfismarkmiðum sínum samkvæmt vatnaáætlun. Koma skal í veg fyrir að mengandi efni séu losuð út í vatn og umhverfi. Tryggja skal að umhverfismörk fyrir ástand vatns skv. fylgiskjali B og C og listar I, II, III og IV í viðauka I í reglugerðar um varnir gegn mengun vatns séu uppfyllt.</p>   | <p>Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, rgl. nr. 796/1999.</p>   |
| <p>4.4 Iðnaðarskólp sem losað er í <b>fráveitu sveitarfélags</b> skal forhreinsað af mengandi efnum. Markmiðið skal vera að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• vernda heilsu starfsfólks sem vinnur í tengslum við safnræsi og hreinsistöðvar,</li> <li>• tryggja að safnræsi, skólphreinsistöðvar og tengdur búnaður verði ekki fyrir skemmdum,</li> <li>• tryggja að starfsemi skólphreinsistöðvarinnar og hreinsun skólps verði ekki fyrir truflunum,</li> <li>• tryggja að skólp hreinsistöðva spilli umhverfinu ekki alvarlega eða komi í veg fyrir að viðtaki uppfylli aðrar kröfur reglugerðar nr. 796/1999 og</li> <li>• tryggja að hægt sé að farga seyru á öruggan hátt.</li> </ul> <p>Leitast skal við að koma ofanvatni í annan farveg en fráveitu.</p>  | <p>798/1999 gr. 26 og C-liður I-viðauki. 796/1999 fylgiskjal B og C og listar I, II, III og IV í viðauka I.</p>    |
| <p>4.5 Iðnaðarskólp sem inniheldur lífræn efni skv. lista III í viðauka reglugerðar nr. 798/1999 og er losað í <b>eigin fráveitu</b> skal hreinsað með tveggja þrepa hreinsun eða sambærilegri, áður en því er veitt í viðtaka. Nema heilbrigðisnefnd kveði á um annað í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp (þ.e. minni eða ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa). Annar atvinnurekstur skal fara eftir öðrum reglugerðum sem gilda um losun efna tiltekinna efna í vatn.</p> <p>Við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka sem ekki njóta sérstakrar verndar má hvergi vera:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Set eða útfellingar.</li> <li>• Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir).</li> <li>• Olía eða froða.</li> <li>• Sorp eða aðrir aðskotahlutir.</li> <li>• Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.</li> </ul> <p>Leitast skal við að koma ofanvatni í annan farveg en fráveitu.</p> | <p>798/1999 7. gr. og 25. gr. 796/1999 fylgiskjal B og C og listar I, II, III og IV í viðauka I. Fylgiskjal 1A</p> |
| <p>4.6 Upplýsingar um legu og fyrirkomulag frárennislagna séu tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslu sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.</p>  | <p>798/1999</p>  |



|      |   |                             |
|------|---|-----------------------------|
| 4.7  | Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni.   | 415/2014 og lög nr. 61/2013 |
| 4.8  | Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olúúrgangi og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Sé olía meðhöndluð skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi.   | 884/2017                    |
| 4.9  | Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.   | 888/2015 og lög nr. 61/2003 |
| 4.10 | Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olú og olúefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera aðgengileg og hún yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Starfsmenn skulu fá reglulega kennslu og þjálfun í viðbrögðum við mengunaróhöppum.   | 884/2017                    |
| 4.11 | Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir. Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni. Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun og viðeigandi heilbrigðisnefnd um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið. | Lög nr. 55/2012             |

## 5. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

|     |   | Rgl.nr.                     |
|-----|---|-----------------------------|
| 5.1 | Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. | 737/2003                    |
| 5.2 | Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfissvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.   | 806/1999, rgl. nr. 737/2003 |

|     |   |  |
|-----|---|--|
| 5.3 | <p>Óheimilt er að láta hvers kyns olíur, bensín, lífræn leysiefni eða önnur mengandi efni í fráveitur atvinnuhúsnæðis. Með slíkan úrgang fer samkvæmt reglugerð um spilliefni.</p> <p>Þar sem olía er notuð skulu vera tiltæk ísogsefni til að hreinsa upp tilfallandi olíuleka. Stærri ílát undir olíuefni (&gt; 50 lítrar) skulu standa í lekabyttu.</p>  | 798/1999<br>5. gr. og rgl.<br>nr. 884/2017 |
| 5.4 | <p>Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum skal skilað til viðurkenndar söfnunar- eða móttökustöðvar. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.</p>  | 806/1999                                   |
| 5.5 | <p>Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð og traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.</p> | 806/1999                                   |
| 5.6 | <p>Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til söfnunar, móttöku eða flutnings spilliefna.</p>   | 806/1999                                   |
| 5.7 | <p>Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila, söfnunar- eða móttökustöðvar skal hann fá staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, uppruna spilliefna, gerð þeirra, og áfangastað ásamt upplýsingum um magn (kg, l) og dagsetningu. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit.</p>   | 806/1999<br>11. gr.                        |
| 5.8 | <p>Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er. Hreinsað skólp skal endurnýtt ef kostur er.</p>  | 798/1999<br>7. gr.                         |

## 6. EFTIRLIT

|     |  | <b>Rgl.nr.</b>                             |
|-----|--|--|
| 6.1 | Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með skráningarskyldum atvinnurekstri, þ. á m. að starfsemi sé rétt skráð   | 830/2022                                   |
| 6.2 | Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsskilyrða, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur. Heilbrigðisnefnd skal upplýsa Umhverfisstofnun um frávík þar sem til álita kemur að beita stjórnvaldssektum, sbr. XIX. kafla laganna.<br><br>Vakin er athygli á að viðkomandi heilbrigðisnefnd getur í eftirliti þurft að setja fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan. | 550/2018,<br>830/2022 og<br>lög nr. 7/1998 |

## 7. LOKUN OG FRÁGANGUR

|     |  | <b>Rgl.nr.</b>   |
|-----|--|--|
| 7.1 | Rekstraraðili skal afskrá starfsemi sína á vefsetrinu island.is þegar starfsemi er hætt. Hafi rekstraraðili ekki afskráð starfsemi sína og starfsemin er sannarlega ekki lengur starfandi eða ef starfsemi fellur ekki lengur undir skilyrði um skráningarskylda starfsemi er hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd heimilt að afskrá starfsemina þegar lögbundinni málsmeðferð er lokið.               | 830/2022   |
| 7.2 | Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal heilbrigðisnefnd með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.   | 550/2018, rgl.<br>nr. 737/2003,<br>rgl. nr.<br>1400/2020 |
| 7.3 | Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf.<br>Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við heilbrigðisnefnd. | 550/2018, rgl.<br>nr. 737/2003,<br>rgl. nr.<br>1400/2020 |

**Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:** Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og

efnablandna, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.